

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1796
komudagur 25.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um 710. mál 132. löggjafarþings: Frumvarp til laga um kjararáð

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Reykjavík, 24. apríl 2006

Stjórn Prestafélags Íslands lýsir vonbrigðum sínum með þann stutta tíma sem gefinn er til að skila athugasemdum við frumvarpið. Þessi skammi fyrirvari veldur því að ekki gefst tími til að grandskoða alla efnisþætti eins og verðugt væri.

Eðlilegt hlýtur að teljast að einn aðili úrskurði um laun allra hópa embættismanna en ekki tveir eins og verið hefur undanfarin ár (kjaradómur og kjaranefnd). Í ljósi umræðunnar eftir úrskurð kjaradóms í des. 2005 má þó spyrja hvort æskilegt sé að úrskurðað sé um laun ráðherra og þingmanna um leið og úrskurðað er um laun annarra hópa.

Þá staldrar stjórn PÍ við ákvæði 5. gr. um að kjararáð eigi sjálf að ákveða hverjum það úrskurðar laun. Vandséð er hvernig þetta er framkvæmanlegt og á grundvelli hvaða forsendna kjararáð ætti að fækka þeim sem undir það heyra frá því sem nú er og álitamál hvort ekki ætti að telja upp í lagatexta þá aðila sem eiga að heyra undir kjararáð - að því undanskildu að einhverjir þeirra kjósi frekar sammingsrétt.

Virðingarfyllst,



sr. Ólafur Jóhannsson formaður PÍ